

Nr. 64.
10.
nóvbr.

Lög

um

heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 2. gr. í lögum 10. nóvember 1905 um breyting á lögum um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög 23. október 1903 höfum látið semja texta síðarnefndra laga með þeim breytingum, sem nefnd lög 10. nóvember 1905 innihalda, og gefum hann hjer með út sem

lög um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög.

1. gr.

Fyrir kaupstaði, verzlunarstaði, sem eru hreppar út af fyrir sig, og önnur hreppsfjelög má gjöra heilbrigðissamþykktir.

Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn, og fyrir verzlunarstaði, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, hreppsnefnd með ráði hjeraðslæknis frumvarp til samþykktar, og sendir það stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Að því er önnur sveitarfjelög snertir gjörir hreppsnefnd tillögu um samþykktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþykktar með ráði hjeraðslæknis. Frumvarpið skal sent stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni, og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá stjórnarráðið málið af nýju fyrir þá sveitarstjórn, er frumvarpið samdi, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gjöra til þess að frumvarpið geti öðlazzt staðfesting.

2. gr.

Í heilbrigðisnefnd sitja í kaupstöðum bæjarfógeti, sem er formaður, hjeraðslæknir og einn bæjarfulltrúa, er bæjarstjórnin kýs til þess, og í hreppum, þar sem heilbrigðissamþykkt er komin á, hreppstjóri eða sýslumaður, ef hann býr í hreppnum, sem formaður, einn maður kosinn af hreppsnefnd og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum hreppsins; skulu þessar nefndir sjá um, að heilbrigðissamþykktum sje fylgt.

Þar sem hjeraðslæknir situr ekki í heilbrigðisnefnd, skal honum heimilt, ef hann æskir þess, að taka þátt í umræðum nefndarinnar án þess þó að hafa atkvæðisrjett, og skal, ef þess er æskt í tækan tíma, senda honum skeyti um stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar.

3. gr.

Staðfestar heilbrigðissamþykktir skal prenta á kostnað hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs og birta í B-deild stjórnartíðindanna.

Nr. 64. Lög 10. nóvember um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

kommunale Sundhedsvedtægter.

Nr. 64.
10.
Novbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: At Vi i Henhold til § 2 i Lov af 10de November 1905 om Forandring i Lov af 23de Oktober 1903 om kommunale Sundhedsvedtægter have ladet affatte Teksten af sidstnævnte Lov, ændret saaledes som ovennævnte Lov af 10de November 1905 medfører det, og herved udfærdige den som

Lov om kommunale Sundhedsvedtægter.

§ 1.

For Købstæder, Handelspladser, der udgør særskilte Kommuner, saavelsom andre Repskommuner kan der fastsættes Sundhedsvedtægter.

For Købstæderne affattes Udkastet til Sundhedsvedtægten af Byraadet og for Handelspladser, der udgør særskilte Repskommuner, af Repsforstanderskabet efter Samraad med Distriktslægen og tilstilles Ministeriet, som efter at have indhentet Landfysikus Erklæring meddeler eller nægter Stadfæstelse.

For de andre Repskommuner gør vedkommende Repsforstanderskab, hvad enten Vedtægten skal gælde for hele Reppen eller kun for en Del af samme, Indstilling om dens Tilvejebringelse til Sysselforstanderskabet, som derpaa efter Samraad med Distriktslægen udarbejder Udkast til Vedtægten. Udkastet tilstilles Ministeriet, som efter at have indhentet Landfysikus Erklæring meddeler eller nægter Stadfæstelse.

Naar et Udkast nægtes Stadfæstelse, forelægger Ministeriet Sagen paany for den kommunale Myndighed, som havde affattet Udkastet, tilligemed Vejledning om, hvilke Forandringer der maa gøres i Vedtægten, for at den kan erholde Stadfæstelse.

§ 2.

Tilsynet med Sundhedsvedtægten Overholdelse paahviler Sundhedskommissionen, der i Købstæderne bestaar af Byfogden som Formand, Distriktslægen og et af Byraadet af dets egen Midte valgt Medlem, og i Repskommuner, hvor Sundhedsvedtægter forefindes, af Repstyreren, eller, hvis Sysselmanden er bosat i Reppen, denne som Formand og et af Repsforstanderskabet samt et andet af Sysselforstanderskabet blandt Reppens Indvaanere valgt Medlem.

Paa Steder, hvor Distriktslægen ikke er Medlem af Sundhedskommissionen, kan han dog, hvis han ønsker det, deltage i Kommissionens Forhandlinger, men uden Stemmeret, hvorhos han, naar det begæres i betimelig Tid, skal underrettes om hvert Mødes Tid, Sted og Dagsorden.

§ 3.

De stadfæstede Vedtægter trykkes paa vedkommende Kommunes Bekostning og offentliggøres i Regeringstidens Afdeling B.

Nr. 64. Lov 10. November om kommunale Sundhedsvedtægter.

Nr. 64.
10.
nóvbr.

4. gr.

Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipun heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, má í henni ákveða sektir, allt að 200 kr., er renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur fyrir skipað samkvæmt heilbrigðissamþykkt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda, og greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði og innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gjörist, með lögtaki.

5. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþykktum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög 13. sept. 1901 um heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum á Íslandi og síðari málsliður 16. gr. í tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872 eru úr gildi felld.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 4.

Nr. 64.
10.
Novbr.

For Overtrædelse af en stadfæstet Sundhedsvedtægt eller Forsømmelse af i rette Tid at efterkomme et i Henhold til denne af Sundhedskommissionen givet Paalæg, kan der i Vedtægterne fastsættes Bøder indtil 200 Kr., som tilfalde vedkommende Kommunes Kasse.

Forsømmer nogen at udføre et af Sundhedskommissionen i Henhold til Vedtægten befalet Arbejde, kan derhos Kommissionen lade det fornødne udføre paa den forsømmeliges Bekostning, saaledes at Udgifterne herved foreskydes af Kommunekassen og derefter inddrives hos Vedkommende, om fornødent ved Udpantning.

§ 5.

Sager i Anledning af Overtrædelser af de nævnte Vedtægter behandles som offentlige Politisager.

§ 6.

Lov om Sundhedsvedtægter for Købstæder, Handelssteder og Fiskerlejer i Island af 13de September 1901 og § 16, 2det Punktum i Forordning om Bestyrelsen af Købstaden Reykjaviks kommunale Anliggender af 20de April 1872 ophæves.]

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.